

JARÐGERÐARÍLÁT

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

BORGARPLAST

Innihald

Jarðgerðarílát Borgarplasts	2
Garðyrkjustjórinn.....	2
Húskarlínn	2
Undirbúningur gangsetningar jarðgerðaríláts	4
Jarðgerð	4
Hvaða efni eru notuð til jarðgerðar?	5
Hvaða efni eru ekki notuð til jarðgerðar?.....	5
Aðstaða í eldhúsi.....	5
Notkun	5
Algeng vandamál.....	5
Frágangur rotkassa.....	6

Jarðgerðarílát Borgarplasts

Borgarplast framleiðir þrjár gerðir jarðgerðaríllátá. Um er að ræða þrjár mismunandi útfærslur og þrjá verðflokká. Öll jarðgerðaríllátin eru vel loftræst. Jarðgerðaríllátin eru framleidd úr endurvinnanlegu plastefni Fjöletýlen eða öðru nafni Pólýetýlen (PE).

Landbúnaðarráðherrann

Tvöfalt jarðgerðaríllát einangrað með Pólýúretan (PUR).

Lýsing: Öflugasta jarðgerðaríllátíð á markaðnum eins og nafnið ber með sér, sérhannað fyrir íslenskar aðstæður. Stærðin er um 260 lítrar. Jarðgerðaríllátíð er einangrað með háeinangrandi efni. Meðalþykkt einangrunar er um 70 mm í veggjum, botni og í loki.

Virgni: Við allra bestu aðstæður, þegar nóg er af hráefni til jarðgerðar, samsetning hráefnanna er heppileg til jarðgerðar og efnið er vel loftað (oft er rótað í kassanum), má ná því að hafa tilbúið jarðgert efni á 6-7 vikum. Við hefðbundnar heimilisaðstæður er þetta ekki raunhæft og er algengt að jarðgerðin taki 6 til 8 mánuði eða jafnvel allt að einu ári.

Efni: Íllátíð er úr PE. Ytra og innra byrði jarðgerðaríllátáins er með meðalþykkt um 6- 7 mm. Varmaleiðnistuðull* er um 1,27 W/m² °C.

Garðyrkjustjórnin

Tvöfalt jarðgerðaríllát einangrað með kyrrstæðu lofti

Lýsing: Sama jarðgerðaríllátíð og Landbúnaðarráðherrann nema að einangrunin er 70 mm kyrrstætt loft í stað pólýúretans. Stærðin er um 260 l.

Virgni: Við allra bestu aðstæður er hugsanlegt að jarðgera efni á 7-8 vikum en það er óraunhæft að ætla að ná því við hefðbundnar heimilisaðstæður og er eðlilegt að áætla að jarðgerð taki 8 til 14 mánuði. Í köldum veðrum getur orðið erfitt að halda uppi góðum hita í jarðgerðaríllátinu.

Efni: Ytra og innra byrði eru úr um 6- 7 mm þykku PE (meðalþykkt) og á milli byrða er að meðaltali um 70 mm af kyrrstæðu lofti sem virkar sem einangrun. Varmaleiðnistuðull* er um 2,17 W/m² °C

Húskarlinn

Einfalt (einbyrðungur) jarðgerðaríllát.

Lýsing: Jarðgerðaríllátíð er einbyrðungur, nema lokið, og ódýrasta útfærslan af jarðgerðaríllátum Borgarplasts. Rúmmál er 440 lítrar. Lokið er tvöfalt með kyrrstæðu lofti milli byrða. Loft virkar sem einangrun.

Virgni: Þessi gerð jarðgerðaríllátá tapar varma hratt og því tekur jarðgerðin langan tíma. Við bestu aðstæður og umhirðu má reikna með að jarðgerðin taki allt að 18-20 vikur. Eðlilegt er þó að gera ráð fyrir að jarðgerð taki allt að 3 árum við íslenskar aðstæður. Jarðgerðaríllátíð hentar vel fyrir garðaúrgang.


Efni: Byrðin eru úr 6- 7 mm PE. Varmaleiðnistuðull* er um 3,74 W/m² °C.

**Varmaleiðnistuðull (k-gildi) er eðlisfræðileg stærð sem gefur hugmynd um hve mikill varmi tapist á ákveðnu ákveðið flatarmáli. Stundum kallaður kólnunartala.*

Gerð jarðgerðariláts	Bestu aðstæður:**	Eðlilegur árangur:
Landbúnaðarráðherrann	6-7 vikur	6-12 mánuðir
Garðyrkjustjórnin	7-8 vikur	8-12 mánuðir
Húskarlinn	18-20 vikur	3 ár

Tafla 1: Tími sem fer í að jarðgera eftir tegund jarðgerðariláts

**Bestu aðstæður nást ef til er nóg efni til moltugerðar, samsetning moltugerðarefnisins er hentug, jafnt hitastig og vel er hugsað um ílátið að öllu leyti.



Mynd 1: Stærð og uppbygging jarðgerðariláts

Undirbúningur gangsetningar jarðgerðaríláts

Við gangsetningu jarðgerðaríláts er venjulega staðið þannig að málum.

1. Jarðgerðarílátinu er komið fyrir á traustan hátt í skjóli og fest þannig að það fjúki ekki. Gott er að ánamaðkar og önnur smádýr eigi greiða leið inn í ílátinu.
2. Í botn jarðgerðarílátsins er sett um 10 sm lag af grófu efni, svo sem litlum trjágreinum, og ofan á það er hægt að setja þunna blöndu af trjákurli og mold eða moltu. Moldin og moltan innihalda örverur og smádýr sem koma til með að vinna fyrir þig.
3. Jarðgerðin hefst á rólegu nótunum með því að byrja á hráu og soðnu grænmeti og ávaxtaafgöngum úr eldhúsinu. Þar á eftir brauðmeti og síðast erfiðu efnin, kjöt og fiskur, þegar niðurbrotið er að hefjast. Gott ráð er að búta heimilisúrganginn í hæfilega stóra bita.
4. Við endurgangsetningu er gott að byrja eins og lýst er í lið 2 og nota efsta moltulagið úr jarðgerðarílátinu til blöndunar við trjákurlið.

Jarðgerð

Jarðgerðin snýst að nokkru leyti um að ná upp réttu rakastigi í ílátinu.

Heimilisúrgangi og grófu þurrefni er blandað saman og æskilegu rakastigi náð með ákveðnu magni af þurrefnum á móti blautefnum, þ.e. ein rúmmálseining af grófu þurrefni á móti 3 rúmmálseiningum af grænmeti og ávöxtum og ein rúmmálseining af þurrefni á móti einni rúmmálseiningu af kjöti og fiski, (sjá töflu 2).

	Blautefni rúmmálseining	Þurrefni rúmmálseining
Grænmeti og ávextir	3	1
Kjöt og fiskur	1	1
Blanda af ofanskráðu	2	1

Tafla 2: Tegund úrgangs

Ef efnið er of blautt hættir því til að klessast saman og getur gefið frá sér vonda lykt.

Hægt er að meta rétt rakastig í jarðgerðarílátinu á þann hátt að innihaldið á að vera eins og svampur sem búið er að kreista vatnið úr.

Þegar ný efni eru sett í jarðgerðarílát er gott að gera holu í eldra efni (einkum á þetta við um kjöt og fisk) og stinga nýja efninu í holuna, hylja yfir nýja efnið með eldra efni. Rótað skal reglulega í jarðgerðarílátinu til þess að lofta um innihaldið.

Við jarðgerð losnar talsvert vatn og koltvísýringur úr læðingi og niðurbrotið minnkar rúmmálið væntanlega um helming í jarðgerðarílátinu.

Hitastig við jarðgerðina skiptir verulegu máli. Í vel einangruðu jarðgerðarílátinu fer hitastigið upp undir 70° C og helst stöðugt og ákjósanlegt. Ef hitinn í ílátinu fer upp í 60 - 70° þá deyja mörg illgresisfræ og þá er í lagi að setja blómstrandir illgresi í ílátinu. Í einbyrtum ílátum tekur jarðgerðin 3-5 sinnum lengri tíma enda stoppar hún nánast alveg langtímum saman vegna kulda. Sé skortur á hita í jarðgerðarílátinu er tvennt til ráða.

1. Sé skortur á blautefni má örva niðurbrotið með því að bæta meira efni úr eldhúsinu, hvata, nota gras, húsdýraskít eða útvega jarðgert efni frá öðrum.
2. Þurfi að hægja á niðurbroti eða fresta því t.d. vegna kulda þá þarf að bæta verulegu magni af þurrefnum í jarðgerðarílátinu til að þurrka heildarmassann og hægja þannig á niðurbrotinu eða stöðva það. Þannig má safna upp hráefni í nokkrar vikur eða mánuði og jarðgera þegar það hentar.

Hvaða efni eru notuð til jarðgerðar?

Tvennskonar efni eru notuð til jarðgerðar og skal blanda þeim saman í ákveðnum hlutföllum og verða nokkur dæmi um slík efni nefnd hér á eftir. Efni þessi innihalda köfnunarefni og kolvetni.

Blautefni. Blautefni er heimilisérgangurinn þ.e. grænmeti, ávextir, brauðmeti, kaffikorgur, teblöð, afskorin blóm, pottaplöntur, gæludýraúrgangur annarra en katta, kjöt, fiskur, egg og eggjaskurn, mjólkurafurðir, mjölmæti o.fl.

Purrefni. Fínt trjáskurl, spænar, þurr laufblöð, börkur af trjám, þurrt gras, þurr mosi, hálmur, órakavarinn pappi, eggjabakkar og óbleiktur pappír. Purrefni eru notuð til að varna því að blautefnin klessist saman og gefi frá sér vondu lykt og eins til að létta og þurrka blönduna.

Hvaða efni eru ekki notuð til jarðgerðar?

Tréspænar og kurl af fúavörðu eða máluðu timbri, kattarskítur eða kattasandur, rakavarðar pappaumbúðir, bleiur, aska, tóbak, gler, gúmmi, plast, málmar, leður, spilliefni, ryksugupokar, tau, blautt gras, málning, lyf o.fl.

Ekki er ráðlegt að setja illgresi, t.d. arfa, í jarðgerðarílát þar sem arfafræ geta borist í moltuna. Einnig er kalk óæskilegt þar sem það hækkar sýrustigið og eyðir köfnunarefnum.

Aðstaða í eldhúsi

Nota skal bréfpoka til að safna saman matarleifum. Bréfpokinn hleypir í gegnum sig raka og úrgangurinn verður þurrari, sem er kostur því þá kemur síður lykt af honum. Ekki má setja plastpoka í jarðgerðarílát.

Notkun


Molta er afbragðs jarðvegsbætir og áburður. Molta er rík af næringarefnum sem eru lengi að losna út í jarðveginn og veita því plöntum áburð í nokkur ár. Hefðbundin notkun á Moltu er að nota hana sem jarðvegsbæti í allt að 10 cm lag ofan á beð eða blanda því til helminga við mold og rækta í því stálpaðar plöntur. Molta er ekki notuð við sáningu vegna þess hversu næringarrík hún er.

Algeng vandamál


Vond lykt. Helsta ráðið við því er að bæta purrefni í jarðgerðarílátið og hræra vel í og þannig auka súrefnisflæðið.

Mikið magn af flugum og lirfum. Einkum ef kólna fer í ílátinu. Þá er gott að hækka hitastigið í kassanum með aðkeyptum hvata, þurru grasi eða húsdýraskít og þekja yfirborðið með purrefnum. Þegar lítið gerist í jarðgerðarílátinu þá er skortur á köfnunarefni. Þá þarf að bæta í jarðgerðarílátið aðkeyptum hvata, þurru grasi eða húsdýraskít.

Frágangur rotkassa



Mynd 2: Jarðgerðarkassi festur á trépall



Mynd 3: Jarðgerðarkassi festur með snitteini